**Fylgiskjal.**

**Skrá yfir hljóðfæri Sumartónleika í Skálholtskirkju 31. desember 2003.**

| *Hljóðfæri í vörslu einstaklinga* | *Í vörslu* | *Keypt* |
|---|---|---|
| Barokkfiðla, David Hopf, ásamt aukaboga | Hildigunnur Halldórsdóttir | október 1988 |
| Barokklágfiðla, Matthieu Besseling | Guðrún Hrund Harðardóttir | maí 1990 |
| Barokkcelló, ásamt aukaboga | Sigurður Halldórsson | maí 1991 |
| Barokk-óbó d'amore, Ponseele M&F | Gunnar Þorgeirsson | október 1991 |
| Violone | Gunnlaugur Stefánsson | maí 1992 |

| *Hljóðfæri varðveitt í Skálholti* | *Athugasemdir* | *Keypt* |
|---|---|---|
| Aðild að kammerorgeli, Klop | Ekki talið til eigna | júní 1988 |
| Hlutdeild í sembal, Willem Krousbergen | Að 2/3 hluta | október 1989 |

Nr. 741 2. september 2004

# AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi við Strikið 6 í Sjálandi í Garðabæ.**

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi í við Strikið 6, sem er hluti Jónshúss í Sjálandi í Garðabæ.

Í breytingunni felst að heimilt er að breyta byggingarreit kjallara neðanjarðar undir garði hússins. Skipulagsskilmálar hverfisins eru óbreyttir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 2. september 2004.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

Nr. 742 27. ágúst 2004

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Mosfellsbæ.**

*Deiliskipulag frístundasvæðis við Heytjörn úr landi Miðdals.*

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag frístundahúsasvæðis við Heytjörn úr landi Miðdals, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 9. júlí 2004.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir fjórum frístundalóðum. Stærð lands er 3,75 ha. Á lóð 1 má reisa fjögur frístundahús, hámarkstærð 40 $m^2$. Á lóð B er hámarksstærð frístundahúss 70,5 $m^2$, þar má einnig reisa 15,05 $m^2$ gróðurhús. Á lóð A2 og C má reisa 71 $m^2$ frístundahús.